

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 204/2022

2023/EES/24/04

frá 8. júlí 2022

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1756 frá 6. október 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/625 að því er varðar opinbert eftirlit með dýrum og afurðum úr dýraríkinu, sem eru flutt út frá þriðju löndum til Sambandsins, til að tryggja að bann við tiltekinni notkun á sykingalyfjum sé virt og að farið sé að reglugerð (EB) nr. 853/2004 að því er varðar beina afhendingu kjöts af alifuglum og nörturum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2244 frá 7. október 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 með sértekum reglum um opinbert eftirlit að því er varðar aðferðir við sýnatöku vegna varnarefnaleifa í matvælum og fóðri ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2141 frá 3. desember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2129 að því er varðar tíðni eftirlits með ástandi tiltekinnar samsettra afurða sem koma inn til Sambandsins ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Ákvæði I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 11b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625) í hluta 1.1 í I. kafla og lið 31q (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625) í II. kafla:

„– **2021 R 1756:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1756 frá 6. október 2021 (Stjútíð. ESB L 357, 8.10.2021, bls. 27).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í aðlögunartexta liða 11b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625) í hluta 1.1 í I. kafla og 31q (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625) í II. kafla:

„i) Að því er EFTA-ríkin varðar, skal c-liður 4. mgr. 1. gr. gilda frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 371/2021 frá 10. desember 2021.“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 357, 8.10.2021, bls. 27.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 453, 17.12.2021, bls. 1.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 433, 6.12.2021, bls. 5.

3. Eftirfarandi er bætt við lið 11br (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2129) í hluta 1.1 í I. kafla og 31qr (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2129) í II. kafla:

„, breytt með:

- **32021 R 2141:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2141 frá 3. desember 2021 (Stjtið. ESB L 433, 6.12. 2021, bls. 5).“

4. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 11d (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2305) í hluta 1.1 í I. kafla:

„11e. **32021 R 2244:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2244 frá 7. október 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 með sértækum reglum um opinbert eftirlit að því er varðar aðferðir við sýnatöku vegna varnarefnaleifa í matvælum og fõðri (Stjtið. ESB L 453, 17.12.2021, bls. 1).“

5. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31s (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2305) í II. kafla:

„31t. **32021 R 2244:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2244 frá 7. október 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 með sértækum reglum um opinbert eftirlit að því er varðar aðferðir við sýnatöku vegna varnarefnaleifa í matvælum og fõðri (Stjtið. ESB L 453, 17.12.2021, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 164. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625):

„– **32021 R 1756:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1756 frá 6. október 2021 (Stjtið. ESB L 357, 8.10.2021, bls. 27).“

2. Eftirfarandi er bætt við aðlögunartexta 164. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625):

„i) Að því er EFTA-ríkin varðar, skal c-liður 4. mgr. 1. gr. gilda frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 371/2021 frá 10. desember 2021.“

3. Eftirfarandi er bætt við lið 164r (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2129):

„, breytt með:

- **32021 R 2141:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2141 frá 3. desember 2021 (Stjtið. ESB L 433, 6.12. 2021, bls. 5).“

4. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 164z (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1353):

„164za. **32021 R 2244:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2244 frá 7. október 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 með sértækum reglum um opinbert eftirlit að því er varðar aðferðir við sýnatöku vegna varnarefnaleifa í matvælum og fõðri (Stjtið. ESB L 453, 17.12.2021, bls. 1).“

3. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2021/1756, framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2244 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/2141, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.